

3.fundur skólaráðs haldinn 23.janúar 2013 á Varmalandi

Mættir: Ingibjörg Inga, Gróa Erla, Þórhildur Ýr, Lilja Björg, Ída María, Egill Þórsson og Kristín Kristjánsdóttir

1.mál. Farið var yfir samþykktu fjárhagsáætlun fyrir Grunnskóla Borgarfjarðar árið 2013.

Heildarupphæð sem skólinn fær til reksturs	374.616.611
Til mótuneytis á KLR eru áætlaðar	9.154.414
Til mótuneytis á Varmalandi	10.028.444
Til mótuneytis á Hvanneyri	3.671.876
Til Skólasels á Hvanneyri	3.376.301

Stærsti hluti fjármagns fer í laun og launatengd gjöld eða 238.939.802

Til skólaaksturs eru áætlaðar 58.445.348 til innri leigu 51.560.478 og reiknuð afnot 3.888.000 til vöru- og þjónustukaupa rétt tæpar 32.000.000

Ingibjörg reiknar með að það þurfi að sækja um viðbótarkvóta vegna sérúrræða að hausti 2013, en áætlunin gerir ráð fyrir upphæð sem sett er fram samkvæmt líkani, í því er ekki gert ráð fyrir sérúrræðum né tilfellum ef bekkjarviðmið springa.

Vel hefur tekist árið 2012 að halda fjárhagsáætlun.

2.mál. Skóla- og nemendaráð. Rætt um athugasemdir sem skólanum barst um að halda beri fund með nemendaráðum skóla. Ekki er nægjanlegt að fulltrúar nemenda í nemendaráði sitji fundi skólaráðs.

Ákveðið var að kalla nemendaráð beggja deilda GBF til fundar í byrjun mars.

3. mál. Ingibjörg fór yfir hvað um er að vera í skólastarfinu og einnig hvað er framundan samkvæmt starfsáætlun.

- Almennt gengur skólastarfið vel. Foreldraviðtölum lokið og að sögn kennara gengu þau vel.
- Nemendum fækkaði um áramót í Varmalandsdeild þar sem foreldrar nokkurra nemenda voru að ljúka námi við Háskólann.
- Starfsmannabreytingar verða í Hvanneyrardeild, vegna óviðráðanlegra aðstæðna þar.
- Græn fánaflöggun verður í tveimur deildum skólans föstudaginn 25.janúar.
- Landvernd hefur gefið grænt ljós á flöggun í KLR deild í apríllök.
- Starfsmannaviðtöl hafin og undirbúningur næsta skólaárs á næsta leyti.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.